

Fuglar á Álftanesvegi (leið D) og Vífilsstaðavegi í Garðabæ

Greinargerð unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu



**September 2001
Jóhann Óli Hilmarsson**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Aðferðir og athugunarsvæði	3
3. Niðurstöður	3
3.1. Álftanesvegur	3
3.2. Vífilsstaðavegur	4
4. Svæði á Náttúruminjaskrá	5
5. Umræða	6
5.1. Álftanesvegur	6
5.2. Vífilsstaðavegur	6
5.3. Skerjafjörður	6
5.4. Válistafuglar	6
6. Lokaorð	7
7. Heimildir	7

Mynd á forsíðu: Útsýn yfir hluta Innnesja, Bessastaðanes og Lambhúsatjörn fyrir miðju. Ljósmynd: höfundur.

1. Inngangur

Í júlí 1999 skilaði undirritaður skýrslu um fuglalíf á Álftanesi vegna áætlana um lagningu nýs Álftanesvegjar (JÓH 1999). Þar var fjallað um þrjá valkosti, A, B og C, fyrir mögulegt vegarstæði, frá Engidal að Sviðholtsvegi (Grásteini).

Hér er til skoðunar nýr valkostur á Álftanesvegi, leið D og jafnframt er framhald Vífilsstaðavegar, frá Hraunsvík í Arnarnesvogi að Bala, skoðað. Þessi greinargerð er eins konar framhald á þeirri fyrri og byggir að nokkru á þeim rannsóknum, sem gerðar voru 1999. Þó voru farnar tvær vettvangsferðir sérstaklega vegna þessarar skýrslu. Bæði verkefni voru unnin að beiðni Hönnunar h.f., verkfræðistofu. Í nýrri skýrslu um Arnarnesvog (JÓH 2001) er ítarlega skýrt frá fuglalífi við voginn og veitir hún ítarlegar upplýsingar um nyrsta hluta Vífilsstaðavegar.

Ólafur Karl Nielsen las yfir uppkast að skýrslunni og Jóhanna Björk Weissshappel var tengiliður Hönnunar.

2. Aðferðir og athugunarsvæði

Í fyrri skýrslu er aðferðum og athugunarsvæði við fuglarannsóknir 1999 lýst og verður það ekki endurtekið hér. Fyrir þetta verkefni voru farnar tvær vettvangsferðir, 28. september 2000 og 3. júlí 2001. Í hinni fyrri voru aðstæður við sunnanverðan Vífilsstaðaveg skoðaðar, en haustbragur var þá kominn á fuglalífið. Í hinni síðari var allt vegarstæðið athugað, varpfuglar kannaðir og mófuglar taldir á sniðlínunum.

Sniðtalningar voru framkvæmdar þannig, að veglínan var notuð sem sniðlína. Hún hafði verið lögð út með hælum, sem oftast voru með 50 m millibili. Talið var á 200 m breiðu beltí, 100 m til hvorrar handar. Í sniðtalningum 1999 var hins vegar talið á 100 m beltí. Allir fuglar voru taldir, en eingöngu mófuglar eru sýndir í 1. töflu. Talið var á 1000 m löngu sniði á vegarstæði Vífilsstaðavegar og 800 löngu sniði á Álftanesvegi í Gálgahrauni, valkosti D. Tilgangur sniðtalninga var fyrst og fremst að kanna þéttleika og útbreiðslu varpfugla.

3. Niðurstöður

3.1. Álftanesvegur

Í 1. töflu eru sýndar niðurstöður talninga á fuglum á mælisniðum á leið D þann 3. júlí 2001. Sniðið var 800 m langt og 200 m breytt, samtals 0,16 km², það var á milli stöðva 1200 og 2000 í Gálgahrauni. Til samanburðar eru talningar á leið A frá 1999. Sniðið þá var 2120 m langt og 100 m breitt, samtals 0,212 km². Talið var tvisvar, 26. maí og 13. júní. Hærri talan fyrir hverja tegund var síðan notuð í útreikningum.

Fuglalíf var fjölbreytt á sniðinu á leið D, þó fuglar hafi verið færri en á leið A. Það stafar fyrst og fremst af tímasetningu sniðtalningarinnar. Fuglar eins og þúfutittlingur og hrossagaukur eru mun minna áberandi í byrjun júlí, en fyrr um vorið, meðan sumir fuglar eru síst minna eða jafnvel meira áberandi á miðju sumri en fyrr. Þetta á m.a. við um heiðlóu og spóa.

1. tafla. Þéttleiki mófugla á mælisniðum. Fuglar með varpatferli á leið A í Gálgahrauni 16. maí og 13. júní 1999, fuglar á leið D og Álftanesvegi í Garðahrauni 3. júlí 2001. Tölur tákna pör með varpatferli og tölur í sviga eru óðul/km².

Fuglar	Leið A	Leið D	Vífilsstaðavegur
Tjaldur		1 (6)	
Heiðlóa	6 (28)	7 (44)	2 (10)
Sandlóa			
Lóupræll	+		
Hrossagaukur			1 (5)
Spói	2 (9)	3 (19)	1 (5)
Stelkur	1 (5)		
Þúfutittlingur	11 (52)	2 (13)	1 (5)
Maríuerla	1 (5)		
Steindepill	6 (28)	2 (13)	1 (5)
Skógarþröstur	1 (5)		
Snjótittlingur	1 (5)		
Samtals	29 (137)	15 (95)	6 (30)

Aðrir fuglar:

Rjúpur og ein hrafshjón verpa í Gálgahrauni.

Nærri vegarstæði **Vífilsstaðavegar** voru taldir um 150 sílamáfar í varpi,

1 kría flaug yfir sniðlínu. Sithvor hrossagaukur og þúfutittlingur án varpatferlis.

Á **leið D** sáust kríur og sílamáfar.

Talsvert kríuvarp er vestan Gálgahrauns og nær það suður á Garðaholt. Sumarið 1999 var áætlað að lágmark 150-200 kríupör yrpu á þessum slóðum. Veginum (leið D) er ætlað að liggja í norðurjaðri varpsins, á svipuðum slóðum og hin eldri leið B. Reyndar er varpið nær allt innan byggðar, sem skipulögð hefur verið á svæðinu.

3.2. Vífilsstaðavegur

Norðurhluta vegarstæðisins er ætlað að liggja um Gálgahraun (Garðahraun) frá Hraunsvík í Arnarnesvogi að Álftanesvegi við Garðaholtssenda. Þar tekur við raskað land að Bala, en veginum er ætlað að liggja fast við Flatahraun, sem er þarna að mestu óraskað. Í nýrri skýrslu um fuglalíf í Arnarnesvogi, sem byggir á rannsóknum sem stóðu frá ágúst 2000 til ágúst 2001, er ítarlega fjallað um fuglalíf í vöginum (JÓH 2001). Meðal annars er sýnd á kortum útbreiðsla helstu fugla og með línuritum hvenær þeir sjást. Rúmlega 1% af heimsstofni kviðljósu margæsarinnar hefur viðkomu í vöginum vor og haust og er hún algengari vestan megin, á fítjum í Gálgahrauni og þar nærri. Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum setur það vöginum í flokk sem mikilvægt fuglasvæði á heimsvísu (Ólafur Einarsson 2000).

Í 1. töflu eru sýndar niðurstöður talninga á fuglum á mælisniði á fyrirhuguðum Vífilsstaðavegi í Gálgahrauni (Garðahrauni) í júlí 2001. Sniðið var 1000 m langt og 200 m breytt, samtals 0,2 km², það var á milli stöðva 2750 og 3750. Hraunið er á þessum stað lítt eða ekki raskað. Færri fuglar sáust þar en á hinum fyrri sniðum, en eins og bent var á hér að framan, var talning sumarið 2001 framkvæmd með síðbúnara móti. Allir fuglar sem búast mátti við, komu fram í talningunni.

Suðvesturhluta vegarins er ætlað að liggja um meira og minna raskað land, auk þess sem gert er ráð fyrir byggð þar samkvæmt skipulagi. Næst Garðavegi eru tún með skurðum. Norðan þeirra tekur við grasmói sem er beittur af hrossum (við brún Flatahrauns). Meðfram garðlöndum Garðbæinga á Torfholti er síðan gróid holt. Garðaholtið sjálft er minna raskað, en það svæði sem á undan er nefnt.

Varpfluglar sem sáust á suðvesturhluta veglínunnar, frá Álftanesvegi að Bala, voru heiðlóa, hrossagaukur, spói, stelkur og þúfutittlingur. Þar er jafnframt kjörlendi fyrir tjald, sandlóu og steindepil og má búast við þessum fuglum á eða við veglínuna. Kríuvarp er í Garðaholti og nær það nokkur sunnar er sýnt er á korti undirritaðs í fyrri skýrslu (JÓH 1999).

Hinn 28. september 2000 sáust 30 grágæsir, 5 heiðlóur, 1 hrossagaukur, 2 hrafnar og 7 starar á svæðinu milli Álftanesvegar og Garðavegar.

Ríkulegt fuglalíf er á Balatjörn, enda er tjörnin á Náttúruminjaskrá. Fuglar voru taldir þar 3. júlí og sáust: stökkönd 11, æður 2 kollur með 1 unga, toppönd 2, stelkur 2, hettumáfur 2, sílamáfur 13 og kría 17. Nokkuð mun vera til af eldri upplýsingum um tjörnina, en ekki þótti ástæða til að grafast fyrir um þær.

4. Svæði á Náttúruminjaskrá og skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

Gálgahraun. Hraunið er ósnortið, sennilega stærsta hraunið sem enn er ósnortið í miðju þéttbýlinu á Innnesjum og verndargildi þess ótvírætt sem slíkt. Gálgahraun er á Náttúruminjaskrá, en þar segir (7. útg. 1996): „Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. ... Hraunið er kjörið útivistarsvæði” og yrði eftirsjá, ef því yrði spillt að marki. Það mun ætlun Garðbæinga, að bæjarfriða landið norðan væntanlegs Álftanesvegar (sjá Aðalskipulag Garðabæjar 1995–2015). Hraunið er hluti af svæði 117 á Náttúruminjaskrá (1996), undir það svæði falla einnig **Bessastaðanes og fjörur frá Bala að Kársnesi**, þar með talin **Lambhúsatjörn**.

Fjörur og grunnsævi frá Bala á Álftanesi að norðanverðu Seltjarnarnesi, eru auk þess á skrá Alþjóða fuglverndarsamtakanna *BirdLife International*, um fuglasvæði með alþjóðlegt verndargildi (Important Bird Areas/IBA, Ólafur Einarsson 2000, nr. 015). Fjörur Skerjafjarðar eru fjölbreyttar að gerð, sjávarfitjar, leirur, sandfjörur og klapparfjörur ásamt sjávarlónum.

Til að komast á þessa skrá þurfa viðkomandi svæði að hýsa að minnsta kosti 1% af heimsstofni einhverra tegunda. Hvað Skerjafirði viðkemur, ráða 5 tegundir því, að hann fyllir þennan flokk: margæs, æður, sendlingur, rauðbrystingur og tildra. Æðurin er staðfugl í Skerjafirði. Varpið í Bessastaðanesi telur um 3000 pör og er það hið stærsta á Innnesjum. Sendlingur er vetrargestur og margæs, tildra og rauðbrystingur eru umferðarfuglar. Tildran er einnig í minna mæli vetrargestur. Milli 5 og 10% kviðljósu undirtegundar margæsarinnar hefur viðdvöl á Álftanesi og við Skerjafjörð á vorin. Aðrir fuglar sem skráin telur upp að séu mikilvægar í Skerjafirði eru: hávella (vetrargestur), tjaldur (varpfugl og umferðarfugl), lóupræll (umferðarfugl) og stórir máfar (vetrargestir). Máfarnir eru silfurmáfur, bjartmáfur, hvítmáfur og svartbakur (Ólafur Einarsson 2000). Þessir fuglar hafa allir viðkomu í einhverjum mæli í Arnarnesvogi.

5. Umræða

5.1. Álfanesvegur

Leið D er í grundvallaratriðum svipuð og leið B. Hún er aðeins fyrir utan kríuvarpið eins og það er sýnt í fyrri skýrslu (JÓH 1999). Mófuglar, bæði tegundasamsetning og þéttleiki, er svipað milli leiða A og D í Gálgahrauni. Fjölbreytni fugla er talsverð í Gálgahrauni og þar verpa fuglar sem eru sjaldséðir í þéttbýli: rjúpa, steindepill, hrafn og snjótittlingur.

Í fyrri skýrslu var fjallað um valkostina A, B og C, auk þess þann möguleika að endurbyggja núverandi Álfanesveg. Þar er lagst gegn leið A eins og henni er lýst, leið B talin ásættanleg, en leið C álitlegasti kosturinn. Leið D fær hér sömu einkunn og leið B. Leiðin er ásættanleg með tilliti til fuglalífs, hún ógnar ekki fjörum og sjávarfítjum við Lambhúsatjörn eins og upphafleg leið A gerði. Vernda þarf hraunið eins og hægt er.

5.2. Vífilsstaðavegur

Um helmingur þess vegarkafli, sem hér er til umfjöllunar liggur um Gálgahraun. Hraunið er ósnortið, sennilega stærsta hraunið sem enn er ósnortið í miðju þéttbýlinu á Innnesjum og verndargildi þess ótvírætt sem slíkt eins og nefnt hefur verið á hér á undan. Á sunnanverðu svæðinu, milli Gálgahrauns og Bala, er fuglalíf dæmigert fyrir raskað land í þéttbýli og á engan hátt óvenjulegt. Á Balatjörn er aftur á móti fjölbreytt fuglalíf og ber að hlífa henni og næsta nágrenni við öllum átroðningi.

5.3. Skerjafjörður

Íslenskar fjörur og sérstaklega leirur eru afar mikilvægar fyrir fugla, hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir nýta sér þessar auðugu fæðuuppsprettur. Sérstaklega eru þær mikilvægar fyrir farfugla, bæði þá sem hér verpa, svo og umferðarfugla á leið milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og Norður-Kanada. Fuglarnir endurnýja orkubirgðir sínar á „bensinstöðinni Íslandi“ á hinni erfiðu flugleið yfir Norður-Atlantshafið og jafnvel Grænlandsjökul.

Stærstu leirusvæði landsins eru við Faxaflóa og Breiðafjörð, en þessi landgæði eru takmörkuð. Leirur og fjörur á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu) hafa mjög átt undir högg að sækja síðustu áratugi. Allar fjörur frá Gufunesi og útá Seltjarnarnes hafa nú verið eyðilagðar, að frátöldum innanverðum Grafarvogi og Gufuneshöfða. Bakkatjörn á Seltjarnarnesi og Bessastaðatjörn á Álfanesi hafa verið stíflaðar, en báðar voru leirur fram yfir 1960. Mjög hefur verið sótt að Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði með uppfyllingum.

Mikilvægi voganna Lambhúsatjarnar og Arnarnesvogar felast í því, að þeir eru hluti af stærri heild og eru óraskaðir (Lambhúsatjörn) eða lítt raskaðir (Arnarnesvogur).

5.4. Válistafuglar

Náttúrufræðistofnun (2000) hefur gefið út válista yfir varpfugla í hættu. Umræddar framkvæmdir munu hafa lítil áhrif á válistafugla, en enginn þeirra verpur á fyrirhuguðu vegarstæði. Hrafn er á válista sem fugl í yfirvofandi hættu. Ein hrafnshjón verpa venjulega í Gálgahrauni.

Lokaorð

Hvorki Álftanesvegur, leið D, né Vífilsstaðavegur munu hafa afgerandi áhrif á fuglalíf sem slíkir. Það virðist tryggt, að vegurinn liggja ekki of nærri fjöru eða sjávarfitjum, en það eru mikilvægustu fuglasvæðin nærri vegarstæðinu. Það tjón sem vegagerð kann að valda á fuglalífi er:

- Truflun á kríuvarpi vestan við Gálgahraun. Vegarlagning svo nærri kríuvarpi getur jafnframt leitt til slysaþættu.
- Skemmdir á ósnortnu landi, sem er um leið skerðing á búsvæðum fugla. Er þá aðallega átt við Gálgahraun.
- Röskun á framkvæmdatíma er alltaf mikil. Halda ber röskun á ósnortnu landi eða nærri fuglabyggðum í lágmarki, sérstaklega á varptíma.

Heimildir

Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Fuglalíf í Gálgahrauni og víðar á Álftanesi*. Greinargerð vegna lagningar nýs Álftanesvegar, unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu, 12 bls. + kort.

Jóhann Óli Hilmarsson 2001. *Fuglalíf í Arnarnesvogi*. Skýrsla unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu, 23 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.

Náttúruverndarráð 1996. *Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu): 341-363. - BirdLife International, Cambridge.